

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 16. maí til 30. september 1977.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs fiskiðnaðarins, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi verðgrundvöll á frystri rækju fyrir framleiðslutímabilið 16. maí til 30. september 1977:

Vélskelflett rækja	Ísl. kr. á lb. Cif.
1. 10×4×1 lb. blokkfryst	471.30
2. 24×1 lb. blokkfryst	491.30
3. 24×450 gr sérfryst	491.30
4. 6×2 kg, 5×2 kg og 4×2 kg sérfryst	491.30
5. 4×2.5 kg sérfryst	491.30
6. 2×5 kg sérfryst	491.30
7. 4×7 kg sérfryst	491.30
8. 1×25 lb. sérfryst	491.30
9. 15×200 lb. sérfryst	499.30
10. Í saltlegi	471.30

Verðbil verður 2.5%.

Greiðslur í sjóðinn eða úr miðast við 62.5% af verðbreytingu frá grundvallarverði að viðbættu eða frádrægnu verðbili.

Sjávarútvegsráðuneytið, 1. júní 1977.

F. h. r.

Jón L. Arnalds.

Gylfi Þórðarson.